 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um framgang akademíks starfsfólks strax í kjölfar nýráðningar við Háskóla Íslands</p>	<p>Bls. 1 af 2</p> <p>Ábm. GLR/GME/EGI/BZ</p> <p>Samp. í háskólaráði 17. mars 2011</p> <p>Endursk. 8. apríl 2021</p> <p>Málsnr: HÍ11030116</p>
--	--	--

1. gr.

Rektor er heimilt að veita akademískum starfsmanni framgang í annað starfsheiti en auglýst var strax við nýráðningu, sbr. heimild í 3. gr. [reglna nr. 1300/2020 um framgang akademíks starfsfólks við Háskóla Íslands](#), þ.e. svokallaðan flýtiframgang.

Flýtiframgangur er einungis veittur í sambærilegt starfsheiti og viðkomandi starfsmaður hefur áður gegnt eða næsta starfsheiti fyrir ofan, með þeim takmörkunum sem settar eru um lágmarkstíma í hverju starfsheiti samkvæmt 7. gr. reglna nr. 1300/2020 um framgang akademíks starfsfólks við Háskóla Íslands.

2. gr.

Forseti fræðasviðs getur óskað eftir flýtiframgangi við ráðningu akademíks starfsmanns þannig að umsækjandi verði ráðinn í hærra starfsheiti en auglýst var. Slík beiðni skal gerð í samráði við þann sem ráða á. Rökstyðja skal beiðnina sérstaklega. Beiðnin skal send til vísinda- og nýsköpunarsviðs sem heldur utan um meðferð málsins í umboði rektors.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti í samræmi við 7. og 8. gr. reglna nr. 1300/2020 eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Þegar um flýtiframgang er að ræða skal liggja fyrir dómnefndarálit sem er ekki eldra en fimm ára gamalt, sbr. 3. mgr. [41. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands](#), og staðfestir að viðkomandi uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að hljóta framgang í viðkomandi starfsheiti, þar á meðal hvort lágmarkstíma í sambærilegu starfsheiti sé náð.

Liggi ekki fyrir dómnefndarálit sbr. 1. mgr. fer umsóknin til umfjöllunar dómnefndar viðkomandi fræðasviðs, sbr. 8. gr. reglna nr. 1300/2020.

4. gr.

Þegar dómnefndarálit liggur fyrir um hæfi viðkomandi til þess að gegna umræddu starfsheiti skal málið fara til umfjöllunar framgangs- og fastráðningarnefndar í samræmi við 8. gr. reglna nr. 1300/2020.


Framgangs- og fastráðningarnefnd gerir tillögu til rektors um hvort veita beri framgang í viðkomandi starfsheiti.

5. gr.

Rektor veitir framgang í starfsheitið að fenginni tillögu framgangs- og fastráðningarnefndar.

6. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli 3. gr. reglna nr. 1300/2020 um framgang akademíks starfsfólks við Háskóla Íslands og gilda um þær umsóknir sem fram koma eftir 1. febrúar 2021, þ.e. frá gildistöku reglna nr. 1300/2020, að því undanskildu að skilyrði um lágmarkstíma í starfsheiti taka gildi 1. janúar 2022.

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p>VERKLAGSREGLUR um framgang akademísks starfsfólks strax í kjölfar nýráðningar við Háskóla Íslands</p>	<p>Bls. 2 af 2</p> <p>Ábm. GLR/GME/EGI/BZ</p> <p>Samb. í háskólaráði 17. mars 2011</p> <p>Endursk. 8. apríl 2021</p> <p>Málsnr: HÍ11030116</p>
--	---	--

Skýring

Um er að ræða endurskoðaðar verklagsreglur sem settar voru fyrst 2011 (breytt 2013) á grundvelli reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nr. 263/2010. Þær reglur féllu úr gildi við gildistöku [reglna nr. 1300/2020 um framgang akademísks starfsfólks við Háskóla Íslands](#) 1. febrúar 2021, að því undanskildu að skilyrði reglnanna um lágmarkstíma í starfsheiti taka gildi 1. janúar 2022.

Tilgangur endurskoðaðra verklagsreglna er hinn sami og fyrr, þ.e. að gera nýráðnum akademískum starfsmönnum kleift að hljóta framgang í annað starfsheiti en auglýst var strax í kjölfar nýráðningar, enda uppfylli þeir sett skilyrði.

Aðstoðarrektor vísinda, lögfræðingar á mannauðssviði og rektorsskrifstofu og deildarstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði unnu að endurskoðun verklagsreglnanna.